



319. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 20. janúar 2022 kl. 12:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll: Ásdís Hjálmsdóttir Annerud, Garðar Svansson og Ingi Þór Ágústsson.

Dagskrá:

1. Upplýsingar frá skrifstofu

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni á vettvangi skrifstofunnar. Hann skýrði stöðu mála í sérsambandi innan ÍSÍ þar sem mikill ágreiningur hefur ríkt bæði í stjórn og úti í hreyfingunni. Mögulega þarf aðili úr framkvæmdastjórn að stíga inn í málið til aðstoðar.

Þrír fulltrúar úr Íþróttamannanefnd ÍSÍ funduðu nýlega með ráðherra, ásamt forseta og framkvæmdastjóra ÍSÍ, um ýmis hagsmunamál afreksíþróttafólks.

Framkvæmdastjóri upplýsti um stöðu samninga við fyrirtæki í Ólympíufjölskyldu ÍSÍ. Búið er að undirrita samning við Íslenska Getspá og samningur við Icelandair er nánast tilbúinn til undirritunar. Viðræður standa yfir við önnur fyrirtæki í Ólympíufjölskyldunni.

Kallað hefur verið eftir upplýsingum varðandi fjárlögin.

Ýmis álitamál koma upp í hverri viku um ólíka þætti í starfsemi íþróttahreyfingarinnar. Nauðsynlegt er að vinna markvisst að því að fækka „gráum svæðum“ í regluverki hreyfingarinnar. Mikil vinna fer í það á skrifstofu ÍSÍ að sinna lagalegum fyrirspurnum og álitamálum.

2. Fagsviðin

Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti og formaður fagráðs Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins.

Vetrarólympíuleikarnir í Peking

Þórey Edda fór yfir stöðu undirbúnings fyrir Vetrarólympíuleikana í Peking sem hefjast nú í byrjun febrúar. Ljóst er að margt verður óvenjulegt við leikana, líkt og leikana í Tókýó í fyrra. Ísland fékk kvóta fyrir einn keppanda í alpagreinum karla, einn keppanda í alpagreinum kvenna, einn keppanda í skíðagöngu kvenna og two keppendur í skíðagöngu karla, alls fimm keppendur. ÍSÍ hefur staðfest nýtingu þessara kvótasæta við Alþjóðaskíðasambandið.

Skíðasamband Íslands hefur sent ÍSÍ tillögu um keppendur á leikunum:

- Hólmfríður Dóra Friðgeirs dóttir, alpagreinar kvenna - svig, stórvig og risasvig
- Sturla Snær Snorrason, alpagreinar karla - svig og stórvig
- Kristrún Guðnadóttir, skíðaganga kvenna - sprettganga
- Snorri Einarsson, skíðaganga karla - 15 km F (frjáls aðferð), 30 km skiptiganga, 50 km C Mst (fjöldastart, hefðbundin aðferð), liðakeppni í sprettgöngu
- Isak Stianson Pedersen, skíðaganga karla - sprettganga og liðakeppni í sprettgöngu

Tillaga Skíðasambandsins samþykkt samhljóða.

Aðrir þátttakendur á leikunum verða eftirfarandi:

Andri Stefánsson aðalfararstjóri, Líney Rut Halldórsdóttir aðstoðarfaraarstjóri, Dagbjartur Halldórsson flokksstjóri skíðamanna, Örnólfur Valdimarsson læknir, Patrick Renner þjálfari alpagreina, Anders Petter Robertsson þjálfari alpagreina, Erla Ásgeirs dóttir þjálfari alpagreina, Vegard Karlström aðalþjálfari skíðagöngu, Thorstein Hymer aðstoðarþjálfari skíðagöngu, Erlend Skippervik Sætre aðstoðarþjálfari/sjúkrabjálfari skíðagöngu.

Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ og Bjarni Th. Bjarnason formaður Skíðasambands Íslands verða viðstaddir setningarhátíð leikana og fyrstu keppnisdagana. RÚV verður með tvo fulltrúa á leikunum til að annast fréttatflutning af leikunum en RÚV verður með beinar útsendingar af viðburðum og Ólympíuhornið verður á sínum stað.

EYOWF í Vuokatti

Undirbúnin ger stendur yfir fyrir Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar sem fram fer í Vuokatti í Finnlandi í marsmánuði. ÍSÍ sendir keppendur til þátttöku í alpagreinum, gönguskíðum og listskautum. Hátíðin átti upphaflega að fara fram í fyrra en var frestað vegna COVID-19.

Formlegt erindi hefur borist til ÍSÍ um þátttöku í EYOWF 2023. Samþykkt að þiggja boðið.

Afreksbúðir voru haldnar síðastliðinn föstudag 15. janúar fyrir ungt og efnilegt afreksíþróttafólk sérsambanda ÍSÍ, við góðar undirtektir. Pálmar Ragnarsson var aðal fyrirlesarinn.

Kolbrún Hrund Sigurgeirs dóttir formaður fagráðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefnis sviðsins. Reykjavíkurleikarnir eru framundan en ráðstefnu RIG var hins vegar frestað vegna stöðu kórónuveirufaraldursins. Stefnt er að því að taka þátt í ráðstefnu í apríl um höfuðáverka. Ráðstefnan er haldin í samstarfi við Háskólanum í Reykjavík og verða fyrirlesarar bæði innlendir og erlendir.

Helstu verkefni sviðsins snúa að þjálfaramenntuninni. Verið að fara yfir allt efni, endurskoða, taka upp ný myndbönd og færa yfir á Canvas. Unnið er að talsetningu efnis úr Cool Kids og fræðslumyndböndum. Erasmus+ verkefninu seinkar aðeins vegna COVID-19 aðstæðna en mikið er um forföll vegna smita.

Jafnréttisnefnd EOC, sem Kolbrún Hrund á sæti í, er búin að funda einu sinni og fundar aftur í næstu viku.

Viðar Garðarsson formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Lífshlaupið hefst 2. febrúar nk. og er aðal verkefni sviðsins þessa dagana.

Slöbbum saman er samstarfsverkefni Sýnar, ÍSÍ, UMFÍ og Embættis landlæknis sem kom hratt í fangið á hreyfingunni og er tímabundið hvatningarátak um hreyfingu.

Rætt um mörk og reglur um aðkomu ÍSÍ þegar verkefni einkaaðila eru annars vegar.

Heilsuefling eldri borgara, verkefni Landssambands eldri borgara og ÍSÍ er nýlega hafið og tveir starfsmenn komnir til starfa við það, annar á vegum LEB og hinn hjá ÍSÍ. Sagðist Viðar binda

miklar vonir við að þetta verkefni yrði til þess að efla til muna almenna hreyfingu hjá eldri borgurum í landinu.

3. Fjárhagsupplýsingar

Auka arðgreiðsla lottós

Gunnar Bragason gjaldkeri skýrði frá því að íslensk getspá greiddi eignaraðilum auka arðgreiðslu vegna góðrar afkomu á síðasta ári og að rétt rúmar 140 milljónir komi í hlut ÍSÍ. Fjármálaráð ÍSÍ hefur samþykkt að leggja til við framkvæmdastjórn ÍSÍ að greiðslunni verði skipt upp með hefðbundnum hætti til hreyfingarinnar.

Tillaga Fjármálaráðs ÍSÍ samþykkt samhljóða.

Ríkisstyrkur til sérsambanda

Gjaldkeri lagði fram tillögu að skiptingu ríkisstyrks til sérsambanda ÍSÍ. Gert er ráð fyrir því að framlag ríkisins verði 97 milljónir, líkt og í fyrra. Klifursamband Íslands er nýtt sérsamband sem gerir það að verkum að allir lækka aðeins en þó er um óverulega breytingu er að ræða. Umræður urðu um ríkisstyrkinn og mikilvægi þess að aukið fé komi til málaflokkssins.

Tillagan að skiptingu samþykkt samhljóða. Samþykkið er með fyrirvara þar sem endanleg upphæð um styrkinn liggur ekki fyrir.

Útbreiðslustyrkur til sérsambanda

Gjaldkeri lagði fram tillögu að skiptingu útbreiðslustyrks til sérsambanda ÍSÍ. Hann skýrði einnig þær forsendur sem unnið er eftir. Klifursamband Íslands er nýtt sérsamband sem bætist nú inn í útreikninginn og hefur áhrif á allar upphæðir. Hann minnti á að Glímusamband Íslands er á Fjárlögum Alþingis og fær því lægri útbreiðslustyrk en önnur sambærileg sérsambönd.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Lottó til sérsambanda

Gjaldkeri lagði fram tillögu að skiptingu lottófjár til sérsambanda ÍSÍ og skýrði aðferðir og forsendur. Hann sagði áhrifa gæta frá COVID-19 í veltutölum. Starfsemin væri ekki jafn umfangsmikil og minna um kostnaðarsöm ferðalög. Hann minnti einnig á að miðað væri við ársreikninga 2020 í þessari vinnu.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. Covid-19 málefni

Framkvæmdastjóri fór yfir nágildandi reglur varðandi COVID-19. Allir áhorfendur eru bannaðir á íþróttaviðburðum en íþróttastarfið fer fram með nokkuð eðlilegum hætti.

Forseti skýrði frá viðræðum við ráðherra varðandi fjárvirkni til íþróttahreyfingarinnar vegna áhrifa takmarkana á samkomum á fjárfun og tekjur íþróttahreyfingarinnar. Skrifstofa ÍSÍ hefur verið að vinna gögn frá félögum í landinu til að ná skýrari yfirsýn. Í framhaldinu verður metið með ráðuneytinu hvernig hægt verður að bregðast við tekjufalli og tapi hreyfingarinnar vegna sóttvarnaðgerða.

Vonast er til að afléttigar séu framundan og að sú rýmkun á reglum veiti frekari tækifæri til tekjuöflunar frá samkomum og áhorfendum.

Gjaldkeri minnti á að sérsambönd hafa einnig orðið fyrir kostnaði á tímabilinu og því mikilvægt að vinna að auknu fjármagni til þeirra líka.

5. Frestun viðburða

Vegna stöðu kórónuveirufaraldursins þá varð að fresta afhendingu viðurkenninga til íþróttafólks sérsambanda og íþróttanefnda ÍSÍ sem áætlað var að halda 20. desember sl. Reynt verður að finna dagsetningu strax eftir Vetrarólympíuleikana.

Ráðstefnu í tengslum við RIG leikana hefur verið frestað af sömu ástæðu sem og fyrirhugaðri fjármálaráðstefnu ÍSÍ sem áætlað var að halda í janúar. Framantaldir viðburðir verða dagsettir um leið og aðstæður leyfa.

6. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri skýrði frá ráðningu Margrétar Regínu Grétarsdóttur íþróttifræðings sem verkefnastjóra í heilsueflingu eldri borgara (+60). Um er að ræða verkefni sem félagsmálaráðuneytið fjármagnar. Landssamtök eldri borgara réðu Ásgerði Guðmundsdóttur sjúkrapjálfara og íþróttakennara sem sinn verkefnastjóra í sama verkefni. Þær Margrét og Ásgerður verða báðar með skrifstofuaðstöðu í höfuðstöðvum ÍSÍ.

ÍSÍ hefur framlengt tímabundna ráðningu Kristrúnar Eyjólfssdóttur verkefnastjóra um þrjá mánuði.

Framkvæmdastjóri fór einnig yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á skrifstofuhúsnæði ÍSÍ til að nýta rými betur og búa til aðstöðu fyrir nýju starfsmennina.

Umræður urðu um starfsmannamál, fyrirhugaðar ráðningar og breytingar.

7. Erindi UMFÍ vegna húsnæðismála

Forseti fylgdi eftir erindi frá UMFÍ um viðræður um húsnæðismál. UMFÍ hyggst selja skrifstofuhúsnæði sitt, skv. heimild frá Sambandsþingi UMFÍ og hafa samtökin áhuga á að skoða samnýtingu húsnæðis í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Fundað verður í næstu viku með fulltrúum UMFÍ um málið. Fundarmenn tóku jákvætt í erindið og að kannaðir verði möguleikar á því að hýsa samtökin í miðstöðinni ef þess er kostur.

8. Starfsskýrslukerfi ÍSÍ og UMFÍ

Framkvæmdastjóri skýrði frá stöðu mála. Gerð starfsskýrslukerfisins gengur vel og styttist í að það komist í prófun í raunumhverfi. Enn er stefnt að óbreyttum skilafresti starfsskýrslna sem er skv. lögum ÍSÍ fyrir 15. apríl hvers árs.

Samþykkt samhljóða að segja upp þjónustusamningi við Idega vegna Felix. Uppsögnin tekur gildi frá næstu mánaðamótum en uppsagnarfrestur er þrír mánuðir.

Rætt um mönnun á verkefnum tengdum starfsskýrsluskilum og innleiðingu nýs kerfis. Framkvæmdastjóri sagði þessar breytingar ekki hafa mikil áhrif á skrifstofu ÍSÍ þar sem kennsla á kerfið verði að mestu í formi fjarkennslu og rafrænnar miðlunar og kerfið sjálft verði í umsjón Sportabler.

9. 110 ára afmæli ÍSÍ

Framkvæmdastjóri minnti á 110 ára afmæli ÍSÍ 28. janúar nk. Ekki verður um nein veisluhöld eða viðburði í tilefni afmælisins vegna takmarkana á samkomum vegna kórónuveirufaraldursins. Samþykkt að senda eintök af 100 ára afmælisriti ÍSÍ til íþróttahéraðanna sem þau geta nýtt sem gjafir í grunnskólana.

10. Heiðranir

Engar tilnefningar til heiðrana lágu fyrir fundinum.

11. Fundargerðir:

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 316., 317. og 318. fundur framkvæmdastjórnar
- Fundur Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ frá 19. janúar 2022
- Fundur Fjármálaráðs ÍSÍ frá 18. janúar 2022
- Fundur Afrekssjóðs ÍSÍ 17. janúar 2022

Knútur G. Hauksson formaður Afrekssjóðs ÍSÍ fylgdi tillögu Afrekssjóðs ÍSÍ um úthlutun úr hlaði.

Heildarúthlutun er kr. 543.650.000 skv. skiptingu (sjá fundargerð).

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Bókaðar þakkar til Afrekssjóðs ÍSÍ og starfsmanna Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fyrir þá miklu vinnu sem liggur að baki yfirferð umsókn og tillögu að úthlutun.

Allnokkrar umræður urðu um útreikninga, aðferðir, upphæðir og framtíðina.

- Minnisblað vegna einstaklingsstyrkja
- Fundur Verkefnasjóðs ÍSÍ frá 29. desember 2022

Tillögur Verkefnasjóðs ÍSÍ um styrkveitingar samþykktar samhljóða (sjá fundargerð).

12. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

13. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Dagsetning næsta fundar verður ákveðinn síðar en horft er til síðustu viku febrúar eða fyrstu í mars.

14. Önnur mál

Vinnuhópur ÍSÍ um íþróttahéruð

Hörður Þorsteinsson sem er formaður hópsins skýrði stöðu mála. Búið er að halda einn fund í vinnuhópnum og byrjað er að safna saman upplýsingum og tölfraði til að auðvelda samanburð.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir